

## ÓVERULEG BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

## Almennt

Unnið er að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar þar sem heimiluð er blönduð landnotkun á frístundsvæði F9 þar sem einnig er heimilað að vera með takmarkaða ferðaþjónustu og afþreyingu. Um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, skv. 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 var samþykkt í bæjarstjórn þann 3. apríl 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 18. september 2014.

## Tengsl við aðrar áætlanir

Fyrir liggur deiliskipulag. Unnið verður nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.

## Staðhættir og aðkoma

Svæðið sem um ræðir er um 11 ha. Aðkoma er af þjóðvegi nr. 1 og liggur inn á svæðið. Í gildi er deiliskipulag frá því í október 1994.

Svæðið er algróið en stakir klettur eru á svæðinu og klettaholt sem liggur í gengum svæðið frá norðaustri til suðvesturs. Ofan klettaholtsins er landið fremur þurrt en að neðan verðu er landið blautara. Landið hallar lítillega til suðurs og suðvestur að Myllulæk.

## Gildandi skipulag

Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 11 ha svæði fyrir allt að 12 frístundalóðum eins og sést á töflu á blaðsíðu 52.

## 21.2 Frístundabyggð í Nesjum

F-nr.	Starfsemi / staðsetning	Fjöldi lóða
F 9	Stóruhálg – Myllulækur ~ 11 ha.	12 lóðir

## Breyting í greinargerð

Gerð er breyting í greinargerð. Heimilt verður að vera með tjaldsvæði og þjónustubyggingu því tengdu á allt að þriðjungi svæðis.

Tafla 21.2 á blaðsíðu 52, breytist í samræmi við ofangreint.

## 21.2 Frístundabyggð í Nesjum

F-nr.	Starfsemi / staðsetning	Fjöldi lóða
F 9	Stóruhálg – Myllulækur ~ 11 ha. Heimilað er tjaldsvæði á allt að þriðjungi svæðis og þjónustuhús á einni lóðinni.	12 lóðir


## Rökstuðningur sveitarstjórnar


Um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi sem felur ekki í sér breytingar umfangi landnýtingar umfram það sem fyrir er. Fyrirhuguð áform hafa verið kynnt hagsmunaraðilum og engar ábendingar eða athugasemdir bárust við þá kynningu. Landið sem um ræðir er að mestu í eigu þess aðila sem óskar eftir breytingunni. Stærð svæðis er óbreytt, afmörkun lóða breytist ekki og fyrirhuguð tjaldsvæði liggur syðst á svæðinu.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Bæjarstjórn þann 3/7 2018

  
Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 26.09.2018

  
Samþykkt aðalskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_



Hluti af sveitarfélagsupprætti Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030



Aðalskipulagsbreyting  
Stóruhálg

21.2-02-18-A-10-V01	Stærð	Bláttak	V01
		A4	Tenging nr. 001
Sveitarfélagið Hornafjörð	Dagur	19.06.2018	Útgef. P.R.S. Á.J. KDG

